

2. gr.

204

Vatnsveitunefnd leggur á skattinn samkvæmt 1. grein, og skal gjalddagi hans vera 1. marz ár hvert. 30. des.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt húsaleigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi húseignum næstu tvö árin eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammings og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 61 25. apríl 1949 fyrir vatnsveitu Stórólshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

205

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Borðeyrar nr. 4 15. jan. 1957. 31. des.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem eru sérmetnar til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 2% — tveimur af hundraði — af fasteignamatsverði árlega. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 200.00 af hverri húseign. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 200.00 af hverri íbúð, sem fram yfir er.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bæjarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.